




# Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur

2004



Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2004

Höfundar: Helgi Gíslason, Herdís Friðriksdóttir og Ólafur Erling Ólafsson

Yfirlestur: Inga Rósa Þórðardóttir og Ragnhildur Freysteinsdóttir

Uppsetning: Herdís Friðriksdóttir og Ragnhildur Freysteinsdóttir

Samþykkt af stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur

September 2005

## EFNISYFIRLIT

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>2. SAMANTEKT</b> .....	<b>5</b>
<i>Lykiltölur úr starfseminni</i> .....	5
<i>Starfsmenn félagsins á árinu:</i> .....	6
<b>3. STJÓRN OG NEFNDIR</b> .....	<b>7</b>
<i>Stjórn félagsins</i> .....	7
<b>4. FÉLAGSSTARF</b> .....	<b>7</b>
<i>Félagatal</i> .....	7
<i>Jólatrjáasala</i> .....	8
<i>Landnemar</i> .....	8
<b>5. REKSTRARTEKJUR</b> .....	<b>9</b>
<b>6. FRAMKVÆMDIR</b> .....	<b>9</b>
<i>Almennt um starfsemi vinnuflokks Skógræktarfélags Reykjavíkur</i> .....	9
<i>Sjálfbóðaliðar</i> .....	11
HEIÐMÖRK, NÝFRAMKVÆMDIR .....	11
<i>Grisjun</i> .....	11
<i>Gróðursetning</i> .....	12
<i>Göngustígagerð</i> .....	12
<i>Áningarstaðir</i> .....	12
HEIÐMÖRK, VIÐHALD .....	12
<i>Sorphirða</i> .....	12
<i>Áningarstaðir</i> .....	13
<i>Salerni í Heiðmörk</i> .....	13
<i>Sérstök viðhaldsverkefni</i> .....	13
<i>Elliðavatn</i> .....	13
<i>Vélar og verkfæri</i> .....	13
<i>Lausamunir</i> .....	14
<i>Aðrar eignir</i> .....	14
FELLSMÖRK, NÝFRAMKVÆMDIR OG VIÐHALD .....	14
<i>Gróðursetningar</i> .....	14
<i>Girðingar</i> .....	14
<i>Vegir</i> .....	14
<i>Húsið í Álftagróf</i> .....	14
VÖRUR OG ÞJÓNUSTA .....	14
<i>Móttaka hópa</i> .....	15
<i>Skógarafurðir</i> .....	15
<i>Steingrill</i> .....	15
<i>Jólatré</i> .....	15
<i>Útseld þjónusta</i> .....	15
<b>7. FRÆÐSLA, KYNNINGARSTARFSEMI, SAMSTARF OG RANNSÓKNIR</b> .....	<b>16</b>
<i>Lesið í skóginn</i> .....	16
<i>Náttúruskóli í Reykjavík</i> .....	16
<i>Fræðslugöngur</i> .....	17
KYNNINGARSTARFSEMI .....	18
<i>Sumarið 2004</i> .....	18
<i>Útgáfa</i> .....	18
<i>Heimasíða</i> .....	18
<i>Erindi</i> .....	18

SAMSTARFSVERKEFNI.....	18
<i>Leikfélagið Sýnir</i> .....	18
<i>Hjólreiðafélag Reykjavíkur</i> .....	19
<i>ÍR</i> .....	19
<i>Skátarnir</i> .....	19
<i>AVEDA</i> .....	19
<i>Annað samstarf</i> .....	19
RANNSÓKNIR .....	20

## 1. Inngangur

Árið 2004 var fyrsta heila starfsár félagsins samkvæmt nýsamþykktri stefnumótun 2003-2009. Nýir starfsmenn félagsins, sem ráðnir höfðu verið samkvæmt þeirri stefnumótun, notuðu árið til að kynna félugin og halda utan um rekstur þess.

Í eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir meginþáttum í starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur.

## 2. Samantekt

### Lykiltölur úr starfseminni

			2004
1	Félagafjöldi í árslok	manns	1.037
2	Ársverk samtals	stk.	15
3	Fræðsluerindi	stk.	9
4	Þátttaka í fræðslu	manns	325
	<b>SKÓGRÆKTARFRAMKVÆMDIR:</b>		
5	Gróðursettar plöntur	stk.	127.000
6	Flatarmál gróðursetninga	ha	32
7	Binding CO <sub>2</sub> gróðursetninga (6 tonn/ha/ár)	tonn	192
8	Nýir stígar	km	2,2
9	Áburðargjöf	tonn	1,4
10	Grisjun	ha	2
11	Seld jólatré	stk.	325
12	Selt viðarkurl	m <sup>3</sup>	115
	<b>Rekstrareiningar:</b>		
13	Stígar	km	37
14	Áningarstaðir	stk.	7
15	Borð og bekkir	stk.	30
16	Salerni	stk.	5
17	Ruslakassar	stk.	20
18	Grill	stk.	12

Starfsmenn félagsins, ásamt starfsmönnum Skógræktarfélags Íslands og stjórn félagsins, unnu nokkuð ítarlega fjárhagsáætlun um rekstur Heiðmerkur árið 2005 sem síðan var skilað til borgarinnar í haust. Niðurstaðan var sú að óskað var eftir um 15 milljón. kr. hækkun á framlagi borgarinnar til rekstrarins. Þeirri ósk var hafnað af borgaryfirvöldum á þeim forsendum að deiliskipulag lægi ekki fyrir og því stefna um framkvæmdir ósamþykkt. Samtímis fengust þær upplýsingar að borgin teldi að auka þyrfti við reksturinn í Heiðmörk til að hægt verði yrði standa betur að málum þar.

Skógræktarframkvæmdir í Heiðmörk voru auknar á árinu. Þar var skóglendi stækkað um 28 ha og grisjaðir voru 2 ha. Að auki var einnig lagður nýr 2 km langur stígur. Skógræktarframkvæmdir á Reynivöllum, Hvammsmörk og í Esjuhliðum voru litlar sem

engar, en krafturinn settur í Heiðmörk og nokkur verkefni í Fellsmörk þar sem Félag landnema stjórnaði gróðursetningum af miklum dugnaði.

Við skógræktarframkvæmdir í Heiðmörk naut félagið aðstoðar borgarinnar í formi rekstrarframlags og Landsvirkjunar, Vinnuskóla Reykjavíkur og Veraldarvina í formi vinnuframlags. Garðabær, Landgræðslusjóður, Landgræðsluskógar, Pokasjóður og AVEDA styrktu framkvæmdir.

Skógræktarfélagið beitti sér fyrir stofnun tveggja nýrra félaga á árinu. Annars vegar var stofnaður Náttúruskóli Reykjavíkur í samstarfi við Landvernd og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Hinsvegar var stofnað undirbúningsfélag um Arboretum (trjásafn) á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands.

Stýrihópur deiliskipulags um Heiðmörk hóf störf á árinu og hefur leitað til fjölmargra aðila um álit. Stýrihópurinn hefur verið að undirbúa forsögn skipulagsins og í kjölfarið er gert ráð fyrir að skipulagsfyrirtæki verði ráðið til að vinna verkið.

Í haust gekk borgarstjóri frá eignarafsali á Elliðavatnsjörðinni til Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta hefur þær breytingar í för með sér að nú er Elliðavatn ekki lengur í umsjón félagsins eins og verið hefur. Unnið er að gerð þjónustusamnings milli Skógræktarfélagsins og Orkuveitunnar í þá veru, að félagið leigi húsakynni Elliðavatnsbýlisins af Orkuveitunni, sem kaupir þjónustu af félaginu.

Fræðslugöngur í Heiðmörk voru misvel sóttar eða allt frá 10 manns upp í 110. Svo virtist sem göngur með almennri fræðslu væru minnst sóttar, en göngur sem buðu upp á hagnýta fræðslu fyrir einstaklinga væru best sóttar.

Í vetur var skipuð framkvæmdanefnd Græna trefilsins af skógræktarfélögum á höfuðborgarsvæðinu ásamt Skógræktarfélagi Íslands. Nefndin á að móta hugmyndafræði og kynna Græna trefilinn fyrir sveitarfélögunum og semja framkvæmdaáætlun um verkefnið.

<b>Starfsmenn félagsins á árinu:</b>
Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri
Herdís Friðriksdóttir, kynningar- og fræðslufulltrúi
Ólafur E. Ólafsson, skógarvörður
Einar Óskarsson, skógarmaður
Gunnar Kristjánsson, skógarmaður
Vigfús Eysteinnsson, sumarstarfsmaður
Valgeir Einarsson Mantyla, sumarstarfsmaður
Gunnhildur I. Georgsdóttir, rannsóknamaður
Margrét Jónsdóttir, bókarí (verktaki hjá Deloitte hf)

Kynningar- og fræðslustjóri félagsins fór í barnseignarleyfi í júní og til áramóta og var frekari mótun á hennar starfssviði frestað þar til að leyfi loknu.

### 3. Stjórn og nefndir

#### Stjórn félagsins

Formaður	Stefán P. Eggertsson	Vatnsstíg 15, 101 RVK	<a href="mailto:stefanpe@simnet.is">stefanpe@simnet.is</a>
Varaformaður	Aðalsteinn Sigurgeirsson	Logalandi 7, 108 RVK	<a href="mailto:adalsteinn@skogur.is">adalsteinn@skogur.is</a>
Gjaldkeri	Inga Rósa Þórðardóttir	Hjallabrekku 38, 200 KÓP	<a href="mailto:ingarosa@simnet.is">ingarosa@simnet.is</a>
Ritari	Lilja Guðmundsdóttir	Vellir, Kjalarnesi 116 RVK	<a href="mailto:liljag@redcross.is">liljag@redcross.is</a>
Meðstjórnandi	Gunnlaugur Claessen	Hálsaseli 46, 109 RVK	<a href="mailto:gunnlaugur@haestirettur.is">gunnlaugur@haestirettur.is</a>
Meðstjórnandi	Ólafur Sigurðsson	Hjallabrekku, 270 Mosfellsbær	<a href="mailto:os@arkthing.is">os@arkthing.is</a>
Meðstjórnandi	Þorvaldur S. Þorvaldsson	Hábæ 39, 110 RVK	<a href="mailto:thvald@itn.is">thvald@itn.is</a>
Meðstjórnandi	Kristjana Bergsdóttir	Hrólfsskálavör 9, 170 RVK	<a href="mailto:webwood@islandia.is">webwood@islandia.is</a>
Varamaður	Auður Jónsdóttir	Stararima 67, 112 RVK	<a href="mailto:audurjons@torg.is">audurjons@torg.is</a>
Varamaður	Þorvaldur Friðriksson	Fjölnisvegi 2, 101 RVK	<a href="mailto:thorvalf@ruv.is">thorvalf@ruv.is</a>
Varamaður	Björg Eva Erlendsdóttir	Sjafnargötu 12, 101 RVK	<a href="mailto:beva@ruv.is">beva@ruv.is</a>
Varamaður	Þröstur Ólafsson	Bræðraborgarstíg 21B, 101 RVK	<a href="mailto:throl@sinfonia.is">throl@sinfonia.is</a>

Stjórn félagsins hélt 11 stjórnarfundum á árinu 2004.

Stjórn skipaði eftirfarandi fagnefndir stjórnar- og starfsmanna:

**Ritnefnd:** Inga Rósa Þórðardóttir, Björg Eva Erlendsdóttir og Stefán P. Eggertsson.  
Verksvið ritnefndar: Heimasíða félagsins, fréttabréf og ýmsar upplýsingar til félagsmanna.

**Skógræktarnefnd:** Þorvaldur S. Þorvaldsson, Kristjana Bergsdóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Þröstur Ólafsson.

Verksvið skógræktarnefndar: Hafa áhrif á faglega þætti, hönnun, áætlanagerð og umhirðuþætti.

**Útivistarnefnd:** Gunnlaugur Claessen, Auður Jónsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir og Þorvaldur S. Þorvaldsson.

Verksvið útivistarnefndar: Stígagerð, aðgengi fatlaðra, merkingar.

**Náms- og félagsmálanefnd:** Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ólafur Sigurðsson, Inga Rósa Þórðardóttir og Kristjana Bergsdóttir.

Verksvið náms- og félagsmálanefndar: Fræðslustofan, tengsl við skólana, Náttúruskóli, sinna Vinnuskóla, skógargöngur.

**Húsnefnd:** Stefán P. Eggertsson og Ólafur Sigurðsson.

**Stýrihópur um deiliskipulag Heiðmerkur:** Helgi Gíslason.

**Stjórn Arboretum:** Þröstur Ólafsson og Helgi Gíslason.

**Vinnuhópur sérfræðinga í Arboretum:** Aðalsteinn Sigurgeirsson, Auður Jónsdóttir og Ólafur E. Ólafsson.

**Stjórn Hvammsmerkur:** Þorvaldur S. Þorvaldsson og Ólafur E. Ólafsson.

### 4. Félagsstarf

#### Félagatal

Um áramót 2003/2004 voru skráðir félagar 1050. Í byrjun árs var tekið til í félagatalinu en það hafði ekki verið gert í langan tíma. Við það dattu margir félagsmenn út en nokkrir tugir hafa gengið í félagið, m.a. á grundvelli sérstaks átaks til öflunar nýrra félagsmanna og voru félagsmenn í lok árs 1037.

## Jólatrjáasala

Sala jólatrjáa fór fram laugardaginn 18. desember. Send voru út boðskort til allra félagsmanna. Jólasveinar og Gryla mættu á svæðið og skemmtu gestum með söng og buðu upp á kakó og smákökur. Um 350 manns drukku kakó og um 60 tré voru seld.

## Landnemar

Á starfsmannafundi í mars var ákveðið að breyta tilhögun með landnema Hvammsmerkur og Esjuhlíða þannig að ein vika væri notuð fyrir hvort svæði til að þjónusta landnema með plöntum og verkfærum. Landnemar myndu þá hver um sig ákveða einn dag innan þeirrar viku til gróðursetningar.

Talsvert var unnið í því að fá yfirlit yfir landnema í Hvammsmörk en upplýsingar um þá voru ekki aðgengilegar á einum stað. Orkuveitan hafði óskað eftir lista yfir landnema Hvammsmerkur og var farið í gegnum þau skjöl sem til eru um landnemana og búinn til listi yfir þá sem hingað til hafa gróðursett í spildur sínar. Kom í ljós að þó að nokkrir hópar séu virkir og gróðursetji árlega hafa margir landnemanna ekki sinnt spildum sínum undanfarin ár.



Birkihrísla tekur fyrstu sporin



Landnemahópur lærir réttu handtökin við gróðursetningu í Hvammsmörk

Um fimm fyrirspurnum vegna spildna á vegum félagsins var sinnt og fékk einn starfsmannahópur spildu í Esjuhlíðum.

Kristjana Bergsdóttir setti upp gagnagrunn í Access svo hægt verði að setja inn upplýsingar um landnema.



## 5. Rekstrartekjur

<b>Framlög:</b>	2004	2003
Reykjavíkurborg.....	22.462.148	22.114.642
Garðabær.....	1.000.000	1.200.000
Landgræðslusjóður.....	400.000	
Skógræktarfélag Íslands.....	140.000	450.000
AVEDA.....	100.000	0
Umhverfissjóður.....	0	400.000
Orkuveita Reykjavíkur.....	0	714.056
Annar styrkur.....	0	220.000
	<b>24.102.148</b>	<b>25.098.698</b>
<b>Félagsgjöld</b>		
<i>Félagsgjald ársins er kr. 1.500.</i>	927.393	906.580
<b>Seldar vörur og þjónusta:</b>		
Jólatré.....	1.626.188	2.214.037
Veiðar.....	980.962	1.045.052
Viðarkurl, grill, flaggstangir o.fl.....	1.556.269	825.578
Vinarskógur á Þingvöllum.....	655.580	0
Annað.....	0	24.000
	<b>4.818.999</b>	<b>4.108.667</b>
<b>Leigutekjur:</b>		
Fellsmörk.....	1.370.600	1.293.250
Sumarbústaður í Heiðmörk.....	379.464	194.405
Útleiga áningastaða í Heiðmörk.....	250.068	90.000
	<b>2.000.132</b>	<b>1.577.655</b>
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Barri hf.....	210.610	0
Annað.....	0	80.000
	<b>210.610</b>	<b>80.000</b>
<b>Samtals tekjur:</b> .....	<b>32.059.282</b>	<b>31.771.600</b>

## 6. Framkvæmdir

### Almennt um starfsemi vinnuflokks Skógræktarfélags Reykjavíkur

Á árinu 2004 var starfsemi vinnuflokksins með hefðbundnu sniði. Helstu breytingar frá fyrri árum var fjöldi starfsmanna. Föstum starfsmönnum fækkaði um einn, en fjöldi sumarstarfsmanna hélst sá sami. Fastir starfsmenn voru þrír en sumarstarfsmenn tveir.

Að auki komu til starfa í Heiðmörk um 100 ungmenni á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur sem störfuðu í 7 vikur. Störfuðu þau að nýlagningu göngustíga eins og síðar verður getið.


<b>Yfirlit yfir starfs- mannahald</b>	<b>2004</b>
Fastir starfsmenn	3
Sumarstarfsmenn	2
Vinnuskóli Rvík	100
Landsvirkjun	12
Veraldarvinir	25



Einnig komu til starfa 12 unglingar á vegum Landsvirkjunar sem störfuðu í samtals 9 vikur, unnu þeir eingöngu að gróðursetningu Landgræðsluskóga-plantna. Skógræktarfélag Reykjavíkur hóf einnig samstarf við samtök sem kallast Veraldarvinir, en það eru sjálfbodaliðasamtök ungs fólks sem starfa að grænum málum víðs vegar í heiminum. Á þeirra vegum komu 25 ungmenni sem störfuðu í Heiðmörk í um 2 vikur, bæði að viðhaldi

Ellidavatnsbæjarins og einnig að gróðursetningum.

<b>Helstu verkefni starfsmanna</b>	<b>Dagsverk</b>
Stjórnun og daglegur rekstur	215
Rekstur og viðhald fasteigna	48
Fræðsla og kynning	80
Tilraunir og rannsóknir	63
Skógarvörður: verkstjórn og viðhald	167
Bílar, vélar og verkfæri	70
Veiðivarsla / sala veiðileyfa	100
Gróðursetning: íblöndun í eldri skóga	2
Grisjun	165
Rekstur sjö áningarstaða	239
Skógarvörður: verkstjórn og nýframkvæmdir	31
Gróðursetning, nýskógar	35
Stígir og vegir	30
<b>Samtals dagsverk starfsmanna</b>	<b>1.245</b>
<b>Vinnuflokkar:</b>	
Vinnuskóli Reykjavíkur: Stígagerð	1.077
Starfshópur Landsvirkjunar: Gróðursetning	675
Starfshópur Veraldarvina: Mála hús og gróðursetning	240
<b>Samtals dagsverk vinnuflokka</b>	<b>1.992</b>
<b>Heildar vinnuframlag í dagsverkum</b>	<b>3.237</b>
<b>Samtals í ársverkum</b>	<b>15</b>



### Sjálfbóðaliðar

Tveir hópar á vegum alþjóðlegu sjálfbóðaliðasamtakanna Veraldarvina eða WorldwideFriends störfuðu með félaginu síðastliðið sumar. 25 ungmenni bjuggu í Elliðavatnshúsinu og unnu við stígagerð, gróðursetningu, málningarvinnu og ýmislegt annað sem til féll á tímabilinu 17. – 28. ágúst. Góður rómur var gerður að samstarfinu frá báðum aðilum og mun framhald verða á því.



Hópur Veraldarvina á góðri stundu

Landsvirkjun veitti félaginu styrk í formi vinnuhóps á vegum verkefnisins *Margar hendur vinna létt verk*. Hópurinn vann að stígagerð og við gróðursetningu. Áframhald verður á samstarfinu.

### Heiðmörk, nýframkvæmdir

Nokkuð var um nýframkvæmdir á árinu 2004, hæst ber þar grisjunarverkefni í Vífilsstaðahlíð, nýlagningu göngustíga og gróðursetningu á Grunnuvatnasvæðinu.

### Grisjun

Nú hefur allt skóglendi í Heiðmörk verið kortlagt með tilliti til umhirðuþarfa. Í ljósi þeirrar vinnu er rík þörf á aukinni grisjun í Heiðmörk. Í Vífilsstaðahlíð voru grisjaðir um 1,2 ha af stafafuru og sitkagreni. Úr þeirri grisjun fengust um 100 m<sup>3</sup> af trjákurli og um 15 m<sup>3</sup> af timbri til sögunar. Að auki voru grisjaðir litlir furureitir við Hjallabraut.



Grisjaðir voru 1,2 ha af stafafuru og sitkagreni í Vífilsstaðahlíð

## Gróðursetning

Gróðursettar voru samtals 115.000 plöntur í Heiðmörk. Allar plönturnar voru Landgræðsluskógaplöntur og skiptust í 8000 lerkiplöntur og 107.000 birkiplöntur. Þær voru gróðursettar á Landgræðsluskógasvæðinu við Grunnvötn. Um verkið sáu að mestu leyti unglingar á vegum Landsvirkjunar og Veraldarvinir.

## Göngustígagerð

Nýlagning göngustíga var stóraukin á árinu og var lagður nýr 2,2 km göngustígur frá Brandskrika að Þjóðhátíðarlundi. Ætlunin er að þessi stígur verði liður í því að tengja saman göngustígakerfin á Elliðavatsheiðinni og í Vífilsstaðahlíðinni.

## Áningarstaðir

Ekki voru búnir til nýir áningarstaðir á árinu. Þó var hafin vinna við tvo nýja áningarstaði sem verða fullgerðir sumarið 2005. Eru þeir báðir við hinn nýja göngustíg sem fyrr var getið og eiga að hjálpa til við að dreifa gestum Heiðmerkur betur um svæðið.

Yfirlit yfir nýframkvæmdir	2004
Grisjun	2 ha
Gróðursetning	115.000
Göngustígar	2,2 km
Áningarstaðir	0 stk.

## Heiðmörk, viðhald

### Sorphirða

Eins og undanfarin ár sinntu fastir starfsmenn og sumarstarfsmenn allri almennri sorphreinsun í Heiðmörk. Með aukinni gestakomu í Heiðmörk, hvort sem fólk kemur í göngutúra eða í lautarferðir, fylgir aukin sorphirða. Víðs vegar í Heiðmörk eru ruslakassar sem flestir notfæra sér en þó þarf alltaf að fara fram sorphreinsun á stærri svæðum og þá sérstaklega eftir helgar. Að auki hreinsa starfsmenn grill á útivistar-svæðum reglulega.



Flestir gestir Heiðmerkur nýta sér ruslakassana, en þó ekki allir

## Áningarstaðir

Alls eru sjö skipulagðir áningarstaðir í Heiðmörk. Á hverjum slíkum áningarstað er eitt eða fleiri steingrill ásamt borðum og bekkjum. Við alla áningarstaðina eru misstórar grasflatir sem nýttar eru til leikja eða sólbaða en nauðsynlegt er að slá þessar flatir oft að sumri til að þær séu til þryði og yndisauka.

## Salerni í Heiðmörk

Í Heiðmörk eru salerni opin á fimm stöðum yfir sumartímann, nálægt helstu áningarstöðum á svæðinu. Þessi salerni þurfa þó nokkurt viðhald, en þar sem hvergi er rennandi vatn á Heiðmerkursvæðinu er nauðsynlegt að keyra allt vatn á tönkum á salernin.

## Sérstök viðhaldsverkefni

Á árinu var byrjað að vinna kerfisbundið að viðhaldi fasteigna, véla og lausamuna í eigu og umsjón Skógræktarfélagins. Nauðsynlegt reyndist að koma þessum málaflokki í mjög fastar skorður þar sem búnaður félagsins er farinn að eldast og þörf á að viðhald sé í lagi.

## Elliðavatn

Fyrst ber að nefna flutning skrifstofu Skógræktarfélagins að Elliðavatni. Krafðist sá flutningur að rýmið, sem skrifstofan flutti í, væri tekið í gegn og málað. Einnig voru nýjar síma- og tölvulagnir settar í húsið. Síðar á árinu var svo ráðist í að mála húsið að utan. Var það verk að mestu unnið af samtökunum Veraldarvinum undir stjórn starfsmanna Skógræktarfélagins.

## Vélar og verkfæri

Farið var yfir allar vélar á vegum Skógræktarfélagins og lagfært eftir þörfum. Nauðsynlegt er að huga að endurnýjun helstu tækja á næstu árum.

Mikið magn handverkfæra, s.s. skóflur og slík tól í eigu Vinnuskóla Reykjavíkur, hefur á undanförunum árum safnast upp hjá Skógræktarfélaginu og var því komið til síns heima. Við það rýmkaðist mjög mikið í þeirri aðstöðu sem félagið hefur að Heimaási.



Unnið var kerfisbundið að viðhaldi véla í eigu félagsins

## **Lausamunir**

Ekki var unnið að viðhaldi lausamuna, svo sem borða, bekkja og sorpkassa á árinu. Það verður verkefni ársins 2005 að koma því viðhaldi í gott lag.

## **Aðrar eignir**

Í þennan flokk falla salerni og steingrill á áningarstöðum. Einungis var sinnt eðlilegu viðhaldi þessara eigna. Stefnt er að því á árinu 2005 að taka þessar eignir til frekara viðhalds.

## ***Fellsmörk, nýframkvæmdir og viðhald***

Í samstarfi við stjórn Landnema og Landbúnaðarráðuneyti hefur hluta lands í Álftagróf eða 50 ha, verið skipt út úr jörðinni ásamt húsum og er með því verið að undirbúa sölu þess hluta. Samtímis er verið að vinna að samkomulagi milli landnema og Skógræktarfélagsins um að færa ábyrgð rekstrar og framkvæmda til stjórnar Landnemafélagsins. Sigurjón Eyjólfsson frá Eystri Pétursey var fenginn til að sjá um eftirlit og viðhald girðinga, vega og húsa.

## **Gróðursetningar**

Gróðursettar voru 12.000 plöntur á Landgræðsluskógarsvæðum og í reitum landnema.

## **Girðingar**

Lagfærðar voru girðingar á Felli og Álftagróf/Keldudal. Einangrarar voru skrúfaðir á efsta og næst neðsta streng á harðviðarstaurum á Felli og frá brú inn fyrir efnistökgryfju við Holtsgil. Einnig frá Keldudalsá hringinn í kringum túnin í Álftagróf og á hryggnum fyrir ofan hús í Álftagróf inn í botn Grófargils. Girðing var sett upp með vegi inn með Keldudalsbrekku, í aurnum. Girðing frá Grófargili inn hryggina fyrir ofan Keldudal yfir í Lambárgil var hengd upp en þar var ekki straumur á í sumar, þar sem harðviðarstaurarnir leiða út.

## **Vegir**

Lagfærður var vegur yfir ræsi í Keldudalsá. Vegurinn inn með gamla Felli skemmdist og einnig ræsið þar þegar Klifandi rann þangað í sumar, vegurinn var lagaður og ræsið sett í aftur (en það er skemmt eftir þar sem það fór í sundur í miðju). Borið var ofan í Hólsbraut og þar var settur lítill ræsishólkur. Borið var ofan í bröttustu brekkuna í Gilsbraut. Lagfærð hurð á salerni á Felli. Hlið var endurnýjað við efnistökunámu á Felli og girðingarnet sett ofan í skurðenda á túnnum á Felli. Mokað var undir girðingar í Lambárgili.

## **Húsið í Álftagróf**

Gert var við vatnslögn við íbúðarhús í Álftagróf. Landbúnaðarráðuneyti sá um kostnað.

## ***Vörur og þjónusta***

Á árinu jókst mjög sala á vörum og þjónustu hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Má segja að aukningin hafi verið í öllum flokkum nema í jólatrjáasölu þar sem nokkuð dró úr sölu en verðmætasköpun jókst verulega sem þýðir meiri tekjur og minni vinnu.

## Móttaka hópa


Á síðustu árum hefur mjög dregið úr móttöku landnema til gróðursetningar í Heiðmörk. Á hinn bóginn hefur mjög aukist að í Heiðmörk komi fólk til veisluhalda. Hópar geta látið taka frá áningarstaði fyrir sig gegn greiðslu. Taka þá starfsmenn Skógræktarfélagins á móti viðkomandi hóp og þjónusta hann eins og best verður á kosið.

## Skógarafurðir

Helstu skógarafurðir, sem framleiddar voru í Heiðmörk, voru trjækurl, u.þ.b. 100 m<sup>3</sup> sem seldust nánast upp. Mjög hefur færst í vöxt að fólk kaupir trjækurl til að setja í blómabeð og göngustíga, hvort sem er heima í garði eða við sumarbústaðinn. Skógræktarfélagið hóf einnig tilraunaframleiðslu á fánastöngum úr íslensku sitkagreni, bæði voru framleiddar 6 og 7 m. stangir. Stangirnar fengu mikla athygli alls staðar þar sem þær voru kynntar en af ýmsum orsökum seldust ekki nema þrjú stykki. Vonandi verður þar bót á á næstu árum.

## Steingrill

Steingrillin sem notuð eru í Heiðmörk hafa á seinni árum orðið vinsæl á öðrum útivistarsvæðum vítt og breitt um landið. Seldi Skógræktarfélagið alls fimm slík grill til annarra aðila.



Það verður sífellt vinsælla að nota trjækurl í garðabeð

## Jólatré

Það nýmæli var tekið upp fyrir jólin 2004 að hætta allri sölu stofutrjáa í verslanir og í staðinn að bjóða bæði hópum og félagsmönnum að koma og höggva sér sitt jólatré.

Alls seldust um 300 stofutré með þessum hætti.

Sala á sk. torgtrjám fyrir jólin var með mjög svipuðum hætti og áður. Voru það helst skólar á höfuðborgarsvæðinu, svo og nokkur sveitarfélög, sem keyptu slík tré.

## Útseld þjónusta

Útseld þjónusta á vegum félagsins jókst verulega. Annars vegar leigði félagið út áningarstaði til veisluhalda ásamt ákveðinni grunnþjónustu. Voru það alls tíu skipti yfir sumarið. Hins vegar tók félagið að sér ákveðnar endurbætur við Vinaskóg á Þingvöllum.

Yfirlit yfir vöru og þjónustu	2004
Trjækurl	100 m <sup>3</sup>
Fánastangir	3 stk.
Smíðaviður	15 m <sup>3</sup>
Jólatré	290 stk.
Torgtré	35 stk.
Steinagrill	5 stk.
Útleiga áningastaða	10 skipti

## 7. Fræðsla, kynningarstarfsemi, samstarf og rannsóknir

Fræðslustjóri sat í tveimur þverfaglegum nefndum sem fjalla um fræðslu á skógartengdu efni fyrir grunnskóla. Annars vegar er um að ræða samstarfsverkefni um Grenndarskóga og Lesið í Skóginn en hins vegar um Náttúruskóla

### Lesið í skóginn

*Lesið í skóginn* er samstarfsverkefni milli Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambands Íslands, Umhverfis- og heilbrigðisstofu



Reykjavíkur, Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykja-víkur. Verkefnið hefur staðið frá árinu 2001 en árið 2003 var það gert að þróunarverkefni til þriggja ára. Frá byrjun hafa tíu skólar hafið þátttöku í verkefninu með 21 kennara og 610 nemendum.

Að jafnaði voru haldnir fundir mánaðarlega þar sem framkvæmdir voru ræddar og teknar ákvarðanir um ný skref sem stigin eru. Á árinu voru tveir grenndarskógar opnaðir en átta skólar til viðbótar hafa sótt um

innngöngu í verkefnið.

### Náttúruskóli í Reykjavík

Markmið með Náttúruskóla í Reykjavík eru fyrst og fremst að efla umhverfis- og náttúrufræðimennt í leik- og grunnskólum Reykjavíkur og koma til móts við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar um fræðslu og aukna samvinnu milli íbúa og borgaryfirvalda og umhverfisstefnu Fræðslumiðstöðvar um heilsteypu umhverfisstarf í grunnskólum.

Í mars 2004 var myndaður samráðshópur sem var falið að vinna áfram með hugmyndir og koma með tillögur um Náttúruskóla í Reykjavík. Í hópnum voru fulltrúar frá Landvernd, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. 15. apríl, 13. maí og 22. júní sendi samráðshópur frá sér samantektir frá fundum innan sinna stofnana og 24. júní 2004 sendi samráðshópurinn frá sér minnisblað til fræðsluráðs með tillögum og kostnaðaráætlun. Í framhaldi af því var Katrínu Jakobsdóttur, varaformanni fræðsluráðs, falið að vinna áfram í málinu með samráðshópnum og leita leiða til að draga úr fyrirsjáanlegum stofnkostnaði. 9. desember 2004 sendi samráðshópurinn minnisblað til Katrínar Jakobsdóttur, varaformanns fræðsluráðs og varaformanns umhverfisráðs. Í framhaldi af því óskaði Katrín eftir því við Ellý K. Þorsteinsdóttur, forstöðumann Umhverfis- og heilbrigðisstofu að kallaður yrði saman fundur með samráðshópi og tveimur starfsmönnum Umhverfis- og heilbrigðisstofu. Niðurstaða fundarins var að fá fram drög að lýsingu fyrir verkefnisstjóra, verkefnisstjórn og samráðshóp um Náttúruskóla í Reykjavík.



## Fræðslugöngur

Fræðslugöngur voru óvenju margar og metnaðarfullar að þessu sinni en að sama skapi margar heldur fámennar.

Þann 6. maí fór Jón Kristjánsson fiskifræðingur í fræðslugöngu um fiskinn í Elliðavatni. Jón sýndi gestum helstu riðstöðvar bleikju, ræddi um hrygningu og viðkomu bleikju og urriða, vöxt þeirra og viðgang og kynnti nýjar rannsóknir á stofnstærð og gildi vatnsins til veiða og útivistar. Um tíu manns mættu í gönguna.



Fræðslugöngurnar voru áhugaverðar en að jafnaði heldur fámennar

Þann 13. maí fór Einar Ó. Þorleifsson náttúrufræðingur fyrir fræðslugöngu um fuglinn í skóginum. Gengið var um skóginn og fræðst um þá fugla sem þar búa. Um tólf manns mættu í gönguna.

Þann 24. júní var farin Heiðmerkurganga. Auður Jónsdóttir garðyrkjufræðingur og stjórnarmeðlimur leiddi gönguna og fræddi gesti um gróður og sögu Heiðmerkur. Um tíu manns mættu í gönguna.

Þann 29. júlí leiddi Ólafur Erling Ólafsson gesti um Vífilsstaðahlíð og kynnti fyrir þeim þá grisjun sem fram hefur farið á svæðinu. Um 35 manns mættu í gönguna.

Þann 4. ágúst leiddu Steinar Björgvinsson garðyrkjufræðingur og Samson Bjarnar Harðarsson landslagsarkitekt gesti um skóginn og fræddu um þann botngróður sem finnst í skóginum. Um 30 manns mættu í gönguna.

Þann 12. ágúst leiddi Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun, fræðslugöngu um vatnasvið og jarðmyndanir í Heiðmörk. Um 25 manns mættu í gönguna.



Mikill áhugi var fyrir fræðslu um sveppi.

Þann 4. september leiddi Bjarni Diðrik Sigurðsson skógarvistfræðingur hjá Rannsóknarstöðinni á Mógilsá gönguhóp um skóginn í nágrenni Furulundar í leit að sveppum. Hann fræddi gesti um sveppi og hvernig best er að meðhöndla þá. Mæting var góð eða um 120 manns.

## *Kynningarstarfsemi*

### **Sumarið 2004**

Í byrjun maí 2004 var haldin sýningin Sumarið 2004 í Laugardalshöll. Félagið var með bás á áberandi stað og kynnti starfsemi sína og afurðir eins og kurl, grill og fánastangir. Til sýnis voru veggsþjöld um starfsemi félagsins, Skógartíðindum var dreift meðal gesta og nokkrir skráðu sig sem félagsmenn. Flutt voru tvö erindi með glærusýningum, annars vegar um grisjun og hinsvegar um útivistarsvæði Heiðmerkur.



Sýningarbás Skógræktarfélagsins vakti að vonum mikla athygli

### **Útgáfa**

Skógartíðindi komu út tvisvar sinnum á árinu 2004. Í mars 2004 kom út 1. tbl 9. árg. sem innihélt greinar um samanburðartilraun á lífrænum og ólífrænum áburðargjöfum, um afurðir sem Skógræktarfélagið hefur til sölu, um nýja starfsmenn og yfirlit yfir fræðsludagskrá sumarsins. Í desember 2004 kom út 2. tbl 9. árg. og innihélt greinar um rannsóknir á áhringjum trjágróðurs í Heiðmörk, um fræðsluverkefnið Lesið í skóginn, um stofnun trjásafns og helstu framkvæmdir árið 2004.

### **Heimasíða**

Heimasíðunni var viðhaldið með fréttum af félaginu. Lögð voru drög að nýrri heimasíðu og leitað tilboða til vefvirktaekja um hönnun og uppsetningu hennar.

### **Erindi**

Þann 2. apríl héldu SamGus (Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaganna) samstarfsfund. Þar hélt Herdís Friðriksdóttir erindi um starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur og fór yfir þær breytingar sem orðið höfðu á starfsmannahaldi. Á fundinum voru um 30 manns.

Þann 15. júlí hélt Helgi Gíslason erindi fyrir félagi í Rótaryklúbbi Hafnarfjarðar í Norska húsinu. Þar ræddi hann um gróðureyðingu og viðhorf fólks til hennar og gildi útsýnis fyrir Íslendinga, samanborið við aðrar Evrópuþjóðir.

### ***Samstarfsverkefni***

Leitast var eftir því að koma Skógræktarfélagi Reykjavíkur í samstarf við hópa sem ekki tengjast skógrækt og kynna þannig starfsemi félagsins fyrir almenningi.

### **Leikfélagið Sýnir**

Einn liður í þeirri kynningu var leiksýning Leikfélagsins Sýnis í Furulundinum í Heiðmörk. Leikfélagið sýndi Stútungasögu sem fjallar á gamansaman hátt um Sturlungaöldina. Á frumsýningu mættu vel á annað hundrað manns og um 50 manns á

fjórar sýningar sem á eftir komu. Leikfélagið hefur óskað eftir frekara samstarfi við félagið.

### **Hjólreiðafélag Reykjavíkur**

Þann 23. júní var haldin Heiðmerkuráskorun. Það var hjólreiðakeppni sem haldin var á miðnætti á Jónsmessu í samstarfi við Hjólreiðafélag Reykjavíkur. Tíu skráðir þátttakendur voru með og 30-40 áhorfendur. Keppnin var skipulögð með þrautum þar sem hjóluð var um 30 km leið frá Elliðavatni austur Heiðmörkina, upp að Grunnvötnum og til baka. Hafsteinn Geirsson sigraði keppnina á 44 mínútum og 20 sekúndum.

### **ÍR**

Þann 14. júlí var haldið 10 km hlaup á vegum ÍR. Alls tóku 54 þátt í hlaupinu sem er eina raunverulega víðavangshlaupið sem haldið er á landinu. Einungis er hlaupið eftir göngustígum og vegum í Heiðmörk. Jóhann Ingibergsson kom fyrstur í mark á 38 mínútum og 5 sekúndum. Hlaupið er árviss viðburður.

### **Skátarnir**

Útilíffsskóli skáta nýtti sér aðstöðu í Hjalladal til námskeiðahalds en skólinn heldur útilífs- og ævintýranámskeið fyrir 6 - 12 ára börn. Námskeiðin voru haldin flesta fimmtudaga í sumar en þá komu um 30 - 40 börn í hvert sinn og gistu í tjöldum eina nótt. Börnin tóku þátt í skátastarfi með því að byggja trönur, fara í vettvangsferðir og kynna sér náttúruna, kveikja varðeld, fara í leiki og syngja. Starfsmenn Skógræktarfélagins létu í té spírur og eldivið og sáu um að hreinlætisaðstaða væri til staðar.

### **AVEDA**

Snyrtivöruvirktekið AVEDA veitti félaginu styrk til gróðursetningar að upphæð 100.000 kr. Virktekið hefur styrkt félagið til gróðursetningar undanfarin ár. Mikilvægt þótti að halda góðu samstarfi við virktekið og vann fræðslustjóri ásamt kennurum frá Waldorf skólanum að Lækjarbotnum og AVEDA að litabók sem gefin var út í apríl mánuði en þá er mánuður jarðar hjá AVEDA um allan heim.



Hrönn Guðmundsdóttir eigandi AVEDA sýndi góð handbrögð við gróðursetninguna

### **Annað samstarf**

Á vormánuðum lagði frú Ingileif Hallgrímsdóttir fram beiðni um að opnaður yrði minningarreitur um son hennar, Pál Gunnarsson, sem lést ungur. Reiturinn er staðsettur við Vatnsveituveg við Heykrika. Páll var líffræðingur að mennt og unni náttúrunni. Fjölskylda Páls kom saman 20. maí og gróðursetti nokkrar plöntur í minningu hans. Sama dag var minningarsjóður stofnaður um Pál.

### ***Rannsóknir***

Ólafur Eggertsson, sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins, Mógilsá, fékk styrk hjá Nýsköpunarsjóði og frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur vegna verkefnis síns *Áhrif veðurfars og umhverfisbreyta á vöxt skógareita í Heiðmörk*. Verkefnið var unnið í samstarfi við Gunnhildi Ólafsdóttur, nema á 2. ári í líffræði við Háskóla Íslands. Gunnhildur fékk aðstöðu í Elliðavatnshúsinu og vann hluta rannsókna sinna í Heiðmörk. Góð reynsla er af þessu samstarfi og mun félagið leita eftir frekara samstarfi af svipuðum toga í framtíðinni.

Lárus Hreiðarsson skógfræðingur hjá Skógrækt ríkisins vann grisjunarrannsókn í Vífilsstaðahlíð. Um langtímatilraun er að ræða.